

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 30. mars 2023 í máli nr. 81/2022

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 25. september 2022 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili endurgreiði sér hluta leigugjalds vegna vanefnda. Til vara krefst sóknaraðili þess að varnaraðili greiði honum hluta útlagðs eldsneytiskostnaðar. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 12. október 2022, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann 14. október 2022. Þann sama dag bárust nefndinni athugasemdir beggja aðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara varnaraðila og athugasemda beggja aðila, bílaleigusamningur aðila ásamt skilmálum varnaraðila, staðfesting á greiðslu leigugjalds, skoðunarskýrsla, afrit af tölvupósti varnaraðila til sóknaraðila, dags. 22. maí 2022, eldsneytiskvittanir og skjáskot af upplýsingum teknum af vefsíðu varnaraðila varðandi tengiltvinnbifreiðar.

Með bréfi, dags. 20. mars 2023, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Af gögnum máls má ráða að sóknaraðili leigði tengiltvinnbifreið af gerðinni [...] hjá varnaraðila frá 13. til 22. maí 2022. Greiddi sóknaraðili 42.300 krónur fyrir leiguna. Að sögn sóknaraðila fylgdi hleðslunúra ekki með hinni leigðu bifreið. Hafi sóknaraðili þar af leiðandi ekki getað hlaðið bifreiðina á hleðslustöðvum á ferðalagi sínu um Ísland og þurft að kaupa mun meira eldsneyti en hann hafi áætlað. Telur sóknaraðili að varnaraðila beri að endurgreiða sér hluta leigugjalds bifreiðarinnar en til vara að varnaraðili greiði sóknaraðila hluta útlagðs eldsneytiskostnaðar. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili vísar til þess að í aðdraganda bókunar hafi hann skoðað framboð bifreiða á vefsíðu varnaraðila. Hafi sóknaraðili að endingu bókað [...] tengiltvinnbifreið en sú bifreið hafi verið dýrari en venjulegur (non-hybrid) jepplingur. Kveðst sóknaraðili hafa valið umrædda bifreið þar sem fyrirséð hafi verið að sóknaraðili myndi keyra yfir 2.500 km á tíu daga ferðalagi hans og myndi notkun tengiltvinnbifreiðarinnar minnka eldsneytiskostnað sóknaraðila verulega.

Sóknaraðili kveðst hafa stofnað reikning hjá fyrirtækinu [...] til að hann gæti notað hleðslustöðvar ætlaðar almenningi. Varnaraðili hafi hins vegar ekki lagt

sóknaraðila til hleðslusnúru með bifreiðinni. Hafi því ekki verið unnt að nýta þann eiginleika bifreiðarinnar sem hafi verið forsenda sóknaraðila fyrir leigu á henni.

Sóknaraðili bendir á að hann leigði dýrari bifreið hjá varnaraðila vegna PHEV eiginleika hennar. Hefði sóknaraðili vitað að varnaraðili myndi ekki leggja til hleðslusnúru með bifreiðinni til að unnt væri að hlaða hana rafmagni hefði hann leigt mun ódýrari bifreið hjá varnaraðila. Vísar sóknaraðili til þess að leiguverð bifreiða af gerðinni [...] sé mun lægra en hinnar umþrættu bifreiðar. Sú bifreið sé auk þess mjög sparneytin. Telur sóknaraðili að varnaraðila beri að endurgreiða sér sem nemur mismun á leigugjaldi [...] bifreiðar og [...].

Sóknaraðili telur öðrum kosti að varnaraðila beri að greiða sér hluta útlagðs eldsneytiskostnaðar enda hefði sóknaraðili ekki þurft að kaupa allt það eldsneyti sem hann gerði hefði hann getað hlaðið bifreiðina rafmagni á hverjum degi. Vísar sóknaraðili til framlagðra greiðslukvittana fyrir eldsneytiskaup. Kveðst sóknaraðili hafa ekið bifreiðinni á leigutímanum um 2.700 km og greitt samtals 57.964 krónur í eldsneyti á ferðalagi sínu. Sóknaraðili bendir á að bifreiðin ætti að eyða um þremur lítrum af eldsneyti á hverja 100 km með fullri rafmagnshleðslu. Hafi meðaleyðsla bifreiðarinnar á leigutímanum hins vegar verið 7,4 lítrar á hverja 100 km. Sóknaraðili kveðst því hafa þurft að greiða fyrir rúmlega helmingi meira eldsneyti en ella. Telur sóknaraðili að varnaraðila beri að greiða honum að lágmarki 200 evrur í bæt看 vegna útlagðs eldsneytiskostnaðar.

Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hafi hafnað því að bæta sóknaraðila framangreindan kostnað þrátt fyrir að hafa ekki útvegað sóknaraðila hleðslusnúru. Sóknaraðili telur fráleitt að varnaraðili bjóði viðskiptavinum sínum upp á að leigja tengiltvinnbifreið en ekki sé unnt að nýta þann helsta eiginleika hennar að hlaða hana með rafmagni. Þá sé óheiðarlegt af varnaraðila að upplýsa ekki viðskiptavinum sína fyrirfram um þetta. Varnaraðili hagnist þannig á því að veita rangar upplýsingar um leigubifreiðar sínar. Telur sóknaraðili að varnaraðili hafi með þessu brotið gegn samningi aðila.

Sóknaraðili vísar til framlagðs tölvupósts varnaraðila þar sem segi meðal annars að flestar hleðslustöðvar hérlandis séu ekki aðgengilegar ferðamönnum og á meðan unnið sé að því að finna lausn á þessu hafi varnaraðili tekið þá ákvörðun að láta hleðslusnúrur ekki fylgja tengiltvinnbifreiðum hans.

3.2. Sjónarmið varnaraðila

Varnaraðili bendir á að frá því að hann hafi byrjað að leigja út „Plug In Hybrid“ bifreiðar hafi þær upplýsingar verið veittar viðskiptavinum að svokölluð „type2-type2“ hleðslusnúra sem nauðsynleg sé á sumum hleðslustöðvum fylgi ekki með bifreiðunum. Vísar varnaraðili til þess að framangreindar upplýsingar komi fram á vefsíðu hans.

3.3. Athugasemdir sóknaraðila

Í athugasemdum sóknaraðila kemur fram að hann telji ósanngjarnt af varnaraðila að fela mikilvægar upplýsingar um not á tengiltvinnbifreiðinni í smáu lettri á vefsíðu sinni. Forsenda ákvörðunar sóknaraðila að leigja umrædda bifreið hafi verið sú að unnt væri að hlaða hana með rafmagni. Ef ekki hafi verið hægt að nota þann eiginleika hennar hafi verið rangt af varnaraðila að auglýsa og leigja bifreiðina sem tengiltvinnbifreið. Þá hafi varnaraðili jafnframt krafist hærra leiguverðs fyrir slíkar

bifreiðar sem sóknaraðili telji óeðlilegt. Telur sóknaraðili viðskiptahætti varnaraðila í þessum efnum óréttmæta.

Sóknaraðili vísar til þess að ef komið hefði skýrt fram á bókunarvefsíðu varnaraðila að ekki væri unnt að nota „PHEV“ eiginleika bifreiðarinnar hefði sóknaraðili aldrei bókað umrædda bifreið. Megi ætla að sá viðskiptavinur sem skoði og bóki tengiltvinnbifreið í gegnum vefsíðu varnaraðila hafi væntingar til þess að unnt sé að nota „PHEV“ eiginleika bifreiðar sem auglýst hafi verið með þeim eiginleika. Telur sóknaraðili að viðskiptavinur varnaraðila þurfi að geta treyst framsetningu og upplýsingum á vefsíðunni við val á leigubifreið. Sóknaraðila þyki óeðlilegt að ekki komi skýrt fram við bókun bifreiðarinnar að hleðslusnúra fylgi ekki heldur séu þær upplýsingar að finna á allt öðrum stað á vefsíðu varnaraðila.

3.4. Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili bendir á að umrædd bifreið sé tengiltvinnbifreið og unnt sé að hlaða hana sem slíka, bæði með meðfylgjandi heimahleðslusnúru sem passi fyrir hefðbundna rafmagnstengla sem og í gegnum hleðslusnúrur sem finna megi tengdar mörgum hleðslustöðvum víðs vegar á Íslandi.

Varnaraðili vísar til þess að leiguverð tengiltvinnbifreiðar sé sambærilegt við verð á leigu fyrir jeppling sem gangi fyrir eldsneyti og í sumum tilvikum sé það jafnvel lægra.

IV

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili tók á leigu bifreið í eigu varnaraðila, af gerðinni [...], frá 13. til 22. maí 2022 og greiddi 42.300 krónur fyrir þjónustuna. Var bifreiðin afhent sóknaraðila án svokallaðrar „type2-type2“ hleðslusnúru. Sökum þess kveðst sóknaraðili ekki hafa getað hlaðið bifreiðina rafmagni á leigutímanum og því verið nauðbeygður að kaupa mun meira eldsneyti en hann hafi gert ráð fyrir. Telur sóknaraðili að varnaraðila beri að endurgreiða sér hluta leigugjalds þar sem hann hafi ekki getað nýtt sér „PHEV“ eiginleika bifreiðarinnar sem hafi verið forsenda fyrir vali hans á henni. Til vara krefst sóknaraðili þess að varnaraðili greiði sér hluta útlagðs eldsneytiskostnaðar. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað þar sem fram komi á vefsíðu hans að umrædd hleðslusnúra fylgi ekki umræddum bifreiðum á hans vegum.

Varnaraðili starfar samkvæmt lögum nr. 65/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja. Í 6. mgr. 6. gr. laganna segir að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Þá segir í 7. mgr. 6. gr. laganna að ökutækjaleigu beri að tryggja að leigutaka séu ekki settir ólögmatir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laganna skal gerður leigusamningur um leigu ökutækis. Í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 840/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja segir að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða í samræmi við 6. gr. laga nr. 65/2015. Í 3. mgr. ákvæðisins kemur fram að ökutækjaleiga skuli gæta þess að leigutakar njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og að leigutaka séu eigi settir ólögmatir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum.

Meginregla samningaréttar er sú að gerða samninga skuli halda. Með leigusamningi aðila leigði sóknaraðili bifreiðina [...] af varnaraðila. Verður að fallast á með sóknaraðila að hann hafi mátt gera ráð fyrir því að unnt yrði að hlaða slíka bifreið rafmagni án takmarkana og nýta það til aksturs hennar. Hvergi er tiltekið í leigusamningnum sjálfum að hleðslusnúra fylgi ekki bifreiðinni. Þvert á móti kemur fram í svokölluðum „Additional terms and conditions for PLUG-IN cars“, sem fylgdi samningi aðila, eftirfarandi: „Our plugin vehicles come with 1 charging cable, it is important to look after the cable and ensure it is returned with the vehicle“. Varnaraðili hefur ekki lagt fram nein gögn til stuðnings því að á þeim tíma er sóknaraðili bókaði bifreiðina, hafi verið að finna upplýsingar á heimasíðu sinni um að hleðslusnúrur fylgdu ekki með tengiltvinnbifreiðum varnaraðila. Álitur kærunefndin að varnaraðili verði að bera hallann af því að sóknaraðila hafi verið veittar óskýrar upplýsingar við bókun tengiltvinnbifreiðarinnar um hvort og þá hvernig hleðslusnúra hafi átt að fylgja með henni. Þá verður að telja fyrrnefnd aukaákvæði samningskilmála varnaraðila óljós um hvers konar hleðslusnúra skyldi fylgja bifreiðinni.

Í ljósi framangreinds er fallist á með sóknaraðila að varnaraðili hafi ekki fullnægt þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt 6. mgr. 6. gr. laga nr. 65/2015 og 8. gr. reglugerðar nr. 840/2015. Er því um að ræða galla á hinni seldu þjónustu varnaraðila. Verður sóknaraðila ákveðinn afsláttur að álitum af leigugjaldi bifreiðarinnar, sem hæfilega er ákveðinn 21.150 krónur.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að greiða sóknaraðila, X, 21.150 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson